

Fundargerð 863. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2018, miðvikudaginn 26. september kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Hótel KEA á Akureyri.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Skúli Helgason, Gunnar Axel Axelsson, Jónína Erna Arnardóttir, Gunnar Einarsson, Elsa Hr. Yeoman í fjarveru Sigurður Björns Blöndal, Gunnlaugur Stefánsson í fjarveru Gunnhildar Ingvarsdóttir Aldís Hafsteinsdóttir og Ísólfr Gylfi Pálmason.

Halla Sigríður Steinólfsdóttir boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 862. fundar - 1710022SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 862. fundar stjórnar sambandsins frá 31. ágúst 2018.

Fundargerðin staðfest en stjórnarmenn munu undirrita hana við fyrsta hentugleika.

2. Landsþing 2018 - 1602044SA

Rætt verður undirbúning og framkvæmd XXXII. landsþings sambandsins sem haldið verður á Akureyri 26. til 28. september 2018 og lögð fram tillaga um embættismenn þingsins, sem formaður mun leggja fram við upphaf þess.

Stjórn samþykkir tillögu um embættismenn þingsins.

3. Viljayfirlýsing um aukið samstarf í þágu barna - 1809014SA

Lögð fram viljayfirlýsing félags- og jafnréttismálaráðherra, heilbrigðismálaráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, dómsmálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 7. september 2018, um aukið samstarf í þágu barna.

4. Drög að umsögn um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum, 1. áfangi - 1809044SA

Lögð fram drög að umsögn um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum, og ræddar áherslur í umsögn sambandsins.

5. Tilnefning í samráðsnefnd um húsnæðismál - 1607006SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 13. september 2018, þar sem Helga Sigurjónsdóttir, deildarstjóri á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, er tilnefnd sem nýr fulltrúi í samráðsnefnd um húsnæðismál í stað Jóns Viðars Pálmasonar, sem látið hefur af störfum hjá Reykjavíkurborg. Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, verður áfram í nefndinni f.h. sambandsins.

6. Tilnefning í svæðisráð um strandsvæðisskipulag á Austfjörðum - 1808024SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 13. september 2018, þar sem Skarphéðinn Smári Þórhallsson, landfræðingur, er tilnefndur sem aðalmaður í svæðisráð um strandsvæðisskipulag á Austfjörðum, og Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

7. Tilnefning í svæðisráð um strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum - 1808024SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 13. september 2018, þar sem Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðasviðs Vestfjarðastofu, er tilnefndur sem aðalmaður í svæðisráð um strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum, og Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

8. Tilnefning í stýrihóp um Heilsueflandi samfélag - 1809039SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Embætti landlæknis, dags. 20. september 2018, þar sem Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, er tilnefnd í stýrihóp um Heilsueflandi samfélag.

9. Tilnefning í ráðgjafarnefnd um gerð landsskipulagsstefnu - 1809022SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 20. september 2018, þar sem Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, og Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, eru tilnefnd í ráðgjafarnefnd um gerð landsskipulagsstefnu, og Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, til vara.

10. Tilnefning í samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna - 1809038SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 20. september 2018, þar sem Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar, og Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Ásahrepps, eru tilnefnd til áframhaldandi setur í samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Einnig er Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, tilnefnd til áframhaldandi setu sem varamaður fulltrúa sambandsins í nefndinni.

11. Tilnefning í stjórn Vinnumálastofnunar - 1809040SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 21. september 2018, þar sem Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalmaður, í stjórn Vinnumálastofnunar, og er Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, tilnefndur til áframhaldandi setu sem varamaður.

12. Umsögn um tillögu að viðauka við almenna stefnu um úrgangsfornir - 1601076SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 28. ágúst 2018, um tillögu að viðauka við almenna stefnu um úrgangsfornir 2016-2017 - Saman gegn sóun.

- 13. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og breytingu á lögum um náttúruvernd - 1709001SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 29. ágúst 2018, um drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og breytingu á lögum um náttúruvernd.
- 14. Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar o.fl. - framlag í lífeyrissjóði - 1809006SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 11. september 2018, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar o.fl. (framlag í lífeyrissjóði).
- 15. Umsögn við erindi Ísafjarðarbæjar um akstur skólabifreiðar á Pingeyri og réttindi skólabílstjóra - 1806014SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 11. september 2018, við erindi Ísafjarðarbæjar um akstur skólabifreiðar á Pingeyri og réttindi skólabílstjóra.
- 16. Umsögn um innleiðing nýrra og breyttra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga - 1806019SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 13. september 2018, um nýjan lagaramma um félagsþjónustu sveitarfélaga 2018-2019.
- 17. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjármál stjórnmalasamtaka - 1809012SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 13. september 2018, um drög að frumvarpi um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra, nr. 162/2006.
- 18. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum - NPA - 1809026SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 14. september 2018, um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum - framlenging sérstakra vinnuverndarákvæða vegna NPA.
- 19. Umsögn sambandsins og sjónarmið um fyrirhugaðar breytingar á IV. kafla náttúruverndarlaga - 1712002SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 18. september 2018, um fyrirhugaðar breytingar á IV. kafla náttúruverndarlaga nr. 60/2013.
- 20. Umsögn um áform um frumvarp um Þjóðarsjóð - 1809042SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 24. september 2018, um áform um frumvarp um Þjóðarsjóð.

21. Ferð með mennta- og menningarmálaráðherra til Osló - nýliðun kennara o.fl. - 1808006SA

Lagt fram til kynningar minnisblað skólamálafulltrúa sambandsins, dags. 30. ágúst 2018, um ferð með mennta- og menningarmálaráðherra til Oslóar 27.-29. ágúst 2018 - nýliðun kennara o.fl.

22. Ályktanir aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi - 1803051SA

Lagðar fram til kynningar ályktanir aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi sem haldinn var 7.-8. september 2018.

23. Starfshópur um yfirferð laga um gatnagerðargjald - 1809003SA

Lögð fram til kynningar niðurstaða starfshóps um gatnagerðargjald, dags. 22. ágúst 2018.

Allir stjórnarmenn tóku til máls og þökkðu fyrir gott samstarf við stjórnarmenn og starfsmenn sambandsins. Fram kom í máli þeirra að seta í stjórn sambandsins hafi verið innihaldsrík og gefandi.

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, þakkaði gott samstarf, óskaði fráfarandi stjórnarmönnum velfarnaðar í framtíðinni og þakkaði stjórn sambandsins fyrir framlag þeirra til hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin í landinu.

Halldór sem stýrði sínum síðasta stjórnarfundum sambandsins þakkaði mjög gott samstarf í á kjörtímabilinu og óskaði stjórnarmönnum og starfsmönnum sambandsins farsældar í mikilvægum störfum sínum.

Fundi var slitið kl. 13:05

Halldór Halldórsson

Eiríkur Björn Björgvinsson

Skúli Helgason

Gunnar Axel Axelsson

Jónína Erna Arnardóttir

Gunnar Einarsson

Elsa Hr. Yeoman

Aldís Hafsteinsdóttir

Gunnlaugur Stefánsson

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari